

Samkomulag milli

VR

og

Póstdreifing ehf

VR, kt. 690269-2019, til heimilis að Kringlunni 7, 103 Reykjavík og Póstdreifing ehf, kt. 550894-2389, til heimilis að Hádegismóum 2, 110 Reykjavík gera með sér svofelldan samning um störf blaðbera.

Almennur kjarasamningur VR við Samtök atvinnulífsins (SA) gildir í öllum atriðum fyrir störf blaðbera.

1.gr.

Lágmarkslaun eru lágmarkstaxtar kjarasamnings.

Þar sem útburði þarf að vera lokið fyrir kl. 07:00 alla daga er lágmarkstaxti fyrir hvern unnin tíma næturvinnutaxti skv. kjarasamningi.

2. gr.

Dreifing miðast við um 40 kg í meðalhverfi en skal fylgja reglum skv. Vinnueftirliti ríkisins. Starfsmenn fá kerrur/poka til að auðvelda útburðinn sem er eign Póstdreifingar.

3. gr.

Í aðalkjarasamningi er gert ráð fyrir 4 klst. greiðslu þó unnið sé skemur um helgar, sjá gr. 2.2.5. í kjarasamningi. Þessi grein á ekki við í tilfellum blaðbera þar sem útburður er ávallt eins alla daga vikunnar, miðað við uppmælingu hverfa.

4. gr.

Ef upp kemur deila vegna mælingu hverfis skal skipaður hlutlaus aðili til að meta hverfi. Verði deila um skipunina skal Héraðsdómur Reykjavíkur skipa aðila og er niðurstaða þess aðila endanleg.

Reykjavík, 30. nóvember 2019



F.h. VR



F.h. Póstdreifingar